
Greinargerð fjárhags- og stjórnsýslunefndar vegna fjárhagsáætlunar SSNE fyrir árin 2024 - 2027 sem lögð er fyrir Ársþing SSNE 18. - 19. apríl 2024.

Almennt um fjárhagsáætlun

Enn eru horfur í efnahagsmálum óvissar. Verðbólga er töluvert yfir viðmiðum Seðlabankans og horfur á að svo verði enn um sinn. Þó standa vonir um að takist að koma böndum á verðbólguna með hófsömum kjarasamningum. Enn er ósamið við stéttarfélög innan BHM, en flest starfsfólk SSNE er innan vébanda þeirra samtaka.

Telja verður líklegt að mikils aðhalds verði gætt í ríkisfjármálum á komandi árum, til að stemma stigu við vaxandi ríkisútgjöldum, sem gæti hugsanlega leitt til lækkunar eða minni vaxtar í framlögum til rekstrar landshlutasamtakanna og Sóknaráætlunar.

Lausafjárstaða SSNE er sterk og eftir að ljóst varð að Vegagerðin felldi niður ríflega 40 milljón króna kröfu sína á samtökin þá hafa samtökin bolmagn til að mæta hóflegum skakkaföllum í rekstri næstu fjögur árin.

Rekstartekjur.

Stjórn SSNE samþykkti að leggja til við ársþing SSNE að framlög aðildarsveitarfélaganna myndu lækka um sem nemur 7,2 milljónum króna á árinu 2024. Rekstrarframlag sveitarfélaganna yrði því 79,5 millj.kr. árið 2024 og tækju breytingum samkvæmt breytingu vísitölu neysluverðs. Heildarlækkun framlaga fram til 2027 yrðu með þessari breytingu ríflega 30 millj.kr. Við ákvörðun framlaga frá sveitarfélögunum undanfarin ár hefur verið tekið tillit til þeirrar áhættu að SSNE myndi neyðast til að greiða kröfu Vegagerðarinnar. Því telst eðlilegt að taka þá upphæð til endurskoðunar á þessum tímabili.

Ljóst er að verði tillagan samþykkt, dragast heildartekjur SSNE saman á tímabilinu 2024-2027 og gengið verður á eigið fé.

Það er álit fjárhags- og stjórnsýslunefndar að sterk lausafjárstaða (og ríkt kostnaðaraðhald sem rætt verður síðar í greinargerðinni) SSNE geri samtökunum kleift að sinna því öflugra starfi sem fer fram í þágu aðildar sveitarfélaganna án þess að þurfa að sækja aukið fé á áætlunar tímabilinu.

Á árinu 2024 fær SSNE 6,2 millj.kr. sérstakt framlag vegna vinnu við nýja Sóknaráætlunar árána 2025-2029.

Framlög ríkissjóðs

Ekki er gert ráð fyrir að framlög ríkissjóðs hækki á næstu árum sem þýðir raun lækkun framlaga sé tekið mið af verðbólguvæntingum.

Eins er ekki gert ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs hækki að marki, eða sem nemur 1,3 millj.kr. fram til ársins 2027.

Framlög sveitarfélaga

Samkvæmt samþykktum SSNE þá eru framlög aðildarsveitarfélaganna til rekstrar samtakanna ákveðin á ársþingi. Eins og fjallað var um hér að ofan þá liggur fyrir tillaga um að framlag ársins 2024 lækki um 8,33% eða ríflega 7,2 millj.kr og aðuppsöfnuð lækkun fram til 2027 verði um 30,6 millj.kr.

Vextir

Vegna hás vaxtastigs (og góðrar lausafjárstöðu) eru vaxtatekjur SSNE umtalsverðar. Gert er ráð fyrir að vaxtatekjur verði umtalsverðar á næstu árum þó viðbúið sé að þær lækki með lækkandi lausafjárstöðu og lækkandi stýrivöxtum takist ætlunarverk stjórnvalda og Seðlabanka að ná tókum á verðbólgu.

Rekstargjöld

Sterkt kostnaðaraðhald er nauðsynlegt í rekstri SSNE og gerir rekstrar áætlun ekki ráð fyrir verulegum breytingum á stærstu kostnaðarliðum á tímabilinu. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í rekstri samtakanna eru laun og launatengd gjöld og, eins og áður sagði er enn ósamið við aðildarfélög BHM. Gert er ráð fyrir almennum launahækkunum um tæp 4% á ári og engu launaskriði umfram samningsbundnar hækkanir. Þá er ekki gert ráð fyrir að stöðugildum fjölgi umfram þau 11 stöðugildi sem voru í árslok 2023.

Lífeyrisskuldbinding er vegna lífeyrisréttinda starfsmanna skólaþjónustu Eypings og er skuldbindingin uppfærð af tryggingastærðfræðingi ár hvert. Áætluð hækkun er færð til gjalda í ársreikning.

Rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir tæplega 5,8 millj.kr. hagnaði en árin 2025-2027 er gert ráð fyrir tapi að upphæð tæplega 12,6 millj.kr. Það hefur hingað til verið stefna SSNE að samtökin séu rekin með hagnaði hvert ár, en í ljósi þess sem áður hefur komið fram og að teknu tilliti til tillögu stjórnar SSNE um 8,33% lækkun rekstrarframlags sveitarfélaganna, þá álitur fjárhags- og stjórnsýslunefnd það ásættanlegt að gert sé ráð fyrir tapi á rekstri SSNE í fjárhagsáætlun 2024-2027.

Fjárhags- og stjórnsýslunefnd leggur til við ársþing SSNE að fjárhagsáætlunin verði samþykkt eins og hún liggur fyrir.

Akureyri, 16. apríl 2024

Finnur Yngvi Kristinsson, formaður

Axel Grettisson

Gerður Sigtryggisdóttir

Halla Björk Reynisdóttir

Soffía Gísladóttir